

Útdráttur úr ræðu Kristína Ástgeirsdóttur sem flutt var á landsfundi í nóv. 1991.

Stjórnmál dagsins.

Í upphafi ræðunnar var fjallað um stöðu alþjóðamála og konur í því samhengi en hér á eftir verður aðeins fjallað um það sem fram kom um stöðu mála á Íslandi.

Kristín sagði að við Íslendingar stæðum frammi fyrir mjög alvarlegu ástandi. Boðaður hefði verið samdráttur í fiskveiðum, fyrirtæki væru að fara á hausinn í stórum stíl, sem þýddi að fólk missti vinnuna.

Fiskveiðikvótinn er að þjappast saman á æ færri staði og á æ færri hendur, þar blómstra hinir stóru en lítil byggðarlög eiga í vökk að verjast. Þá er hallinn á ríkissjóði áhyggjuefnin en hann leiðir af sér auknar lántökur ríkissjóðs sem m.a. halda uppi mjög háum vöxtum í landinu. Árum saman hefur verið bruðlað með fé og stjórnvöld hafa lagt út í fjárfestingarævintýri sem skilað hafa litlu sem engu. Nú hefur verið hætt við áform um byggingu álvors (í bili?) en það hafði verið reiknað inn í allt fjárlagadæmi ríkisstjórnarinnar og þýðir að það lítur ver út en ella, þótt við kvennalistakonur hörmum ekki að stóriðustefnan sé nú strand. Að því hlaut að koma. Skuldastaða þjóðarinnar er ekki glæsileg enda berast nú fregnir af því að lánstraust Íslendinga erlendis sé á niðurleið. Það bendir til þess að við séum að komast á hættulegt stig. Siðast en ekki síst horfum við fram á árásir ríkisstjórnarinnar á velferðarkerfið sem verður að verjast af öllu afli.

Sú ríkisstjórn sem nú situr er heltekin af markaðs- og einkavæðingartrú og það verður að skoða aðgerðir hennar í því samhengi. Hinn frjálsi markaður á að kippa ölu í lag. Pessi stefna minnir á þau sjónarmið sem voru ríkjandi í hinum vestræna heimi fyrir 1930, áður en hagfræðingurinn Keynes kom fram með sínar kenningar um nauðsynleg afskipti ríkisvlaldsins af efnahagslífinu á kreppu- og samdráttartímum og Roosevelt Bandaríkjaforseti setti fram New Deal-stefnuna, þar sem ríkisstjórnin greip til skipulagðra aðgerða til að draga úr áhrifum kreppunnar. Þeir sem á undan komu trúðu því í anda klassískrar hagfræði að hinn frjálsi markaður leiðrétti sjálfkrafa allar skekkjur og að best væri að afskipti ríkisins væru sem allra minnst, jafnvel ætti að lækka skatta og draga úr þjónustu svo að atvinnulífið fengi meira í sinn hlut. Það þarf vart að minna á að þau skötuhjúin Reagan og Margaret Thatcher ráku stefnu í þessum anda á níunda áratugnum með hörmulegum afleiðingum fyrir velferðarkerfið í löndum þeirra, en svo allrar sanngirni sé gætt þá skilaði stefna þeirra nokkrum fjörkipp í atvinnulífinu. Þeir sem nú ráða ríkjum horfa mjög í átt til Margrétar og stefnu hennar (þótt henni hafi verið steypt af stóli) og það vill gleymast að hér búi aðeins um 255 þús. manns og því um afar lítinn markað að ræða og ríkar samhjálparhefðir í gildi.



Það er erfitt að átta sig á því hve alvarlegt ástandið er í raun og veru, þrátt fyrir það sem hér á undan er upp talið, því framundan eru kjarasamningar. Á slíkum tímum hættir mönnum til að draga upp kolsvarta mynd og úkja erfliðleikana.

Hvað er það sem núverandi ríkisstjórn hefur boðað?

Í **heilbrigðismálum** er fyrirhugaður mikill niðurskurður og nú eiga neytendurnir þ.e. sjúklingarnir að borga ekki samfélagið í heild.

Í **framhaldsskólum** landsins á að koma á skólagjöldum, bylta Lánesjóði íslenskra námsmanna og fresta breytingum til bóta í grunnskólunum.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að gera sem allra minnst í **atvinnumálum**, þar verður beðið eftir frumkvæði einstaklinganna, en þó er fyrirhugað á þessum samdráttartínum að selja fjölda ríkisfyrirtækja í nafni einkavæðingar.

Í **byggðamálum** á lögmál framboðar og eftirspurnar að ráða för, ef undirstöðufyrirtæki fara á hausinn, verður fólk að leita þangað sem vinnu er að fá.

Í **húsnaðismálum** er að vænta samdráttar þar sem til stendur að takmarka það fjármagn sem fer til húsbréfakerfisins.

Í **kjaramálum** er boðað að launahækkanir verði engar og að kaupmáttur rýrni.

Í **ríkisfjármálum** er ætlunin að ná niður hallanum á ríkissjóði með leiftursókn eða með öðrum orðum, það á að beita niðurskurðarhnífnum.

Í **landbúnaðarmálum** mun það nú gerast að búvorusamningurinn kemur til framkvæmdar, en það má segja um landbúnaðinn að hann er rígnegldur í lög og reglugerðir um alla skapaða hluti sem að mínum dómi stendur honum fyrir þrifum.

EES-samningaviðræðurnar eru enn í gangi, en í ljósi þeirra verðum við að skoða stöðu okkar íslendinga rækilega og átta okkur á því hvorra kosta er völ í stöðunni.

Ríkisstjórnin hefur sett nefnd á laggir til að endurskoða **sjávarútvegsstefnuna**, en í henni sitja eingöngu fulltrúar stjórnarflokkanna sem verður að teljast furðulegt í svo mikilvægu máli. Það er allsendis óljóst hvað kemur út úr því starfi, en svo mikil er víst að menn verða að skoða sjávarútveginn alveg upp á nýtt í ljósi þeirra miklu breytinga sem átt hafa sér stað og vegna ástands fiskistofnanna.

Árið 1976 var landhelgin færð út í 200 mílur og þar með var að mestu komið í veg fyrir veiðar útlendinga við Íslandsstrendur. Þar á ofan bætist að fiskveiðar hafa takmarkaðar um árabil til þess að reyna að varðveita auðlindina sjávarfang. Hvers vegna er ástand fiskistofnanna einkum þorskstofnsins jafn slæmt og raun ber vitni? Eru það veiðarfærin sem valda? Er það aukin og stanslaus sókn í fiskinn? Er það ástand lífríkisins (röskun)? Hefur verið stunduð ofveiði þrátt fyrir allt? Voru stofnanrnir ofmetnir? Eða hvað? Við þessu eiga menn ekki svör en þarna er þó um stærsta hagsmunamál þjóðarinnar að ræða. Með réttu ætti að setja mikla peninga í að rannsaka málið, en það er ekki gert.

Af öllu því sem að framan er sagt er ekki hægt að draga aðra ályktun en þá að framundan er samdráttur. Hversu mikill hann verður mun koma í ljós. Það er hætta á vaxandi atvinnuleysi og versnandi kjörum almennings í landinu. Ef ríkisstjórnin heldur stefnu sinni til streitu er hætt við að hún sé að setja af stað keðjuverkun (ríkið dregur saman seglin - fólk missir vinnu - það hefur áhrif á verslun og viðskipti - fyrirtæki fara á hausinn o.s.frv.) sem getur haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið.

Hvað þýðir þetta fyrir konur?

- Búast má við áframhaldandi straumi kvenna frá landsbyggðinni til þéttbýlisins suðvestanlands og jafnvel úr landi.
- Konur munu horfa fram á vaxandi atvinnuleysi.
- Það verður mun erfiðara að ná fram umbótum konum til hagsbóta.
- Niðurskurðurinn í velferðarkerfinu mun þýða að umönnun barna og gamalmenna mun færast í ríkara mæli yfir á fjölskyldurnar = konur.
- Konur hljóta að hugsa sig um tvisvar og þrisvar áður en þær halda út í framhaldsnám nái fyrirhugaðar breytingar á Lánaþjóði íslenskra námsmanna fram að ganga og þar með mjög hertar endurgreiðslur lánanna, meðan launakjör kvenna eru með þeim hætti sem við nú horfum upp á.
- Launakjör kvenna sem eru nógum hörmuleg fyrir munu versna takist ekki að finna nýjar leiðir í launabaráttunni.

Hvert er hlutverk Kvennalistans við þessar aðstæður?

- Að sporna við af öllum mætti og setja þessa þróun mála í sögulegt og félagslegt samhengi.
- Að benda á aðrar leiðir, nýjar leiðir.
- Að horfa til framtíðar og benda á afleiðingar.
- Að missa ekki sjónar á þeim markmiðum sem við stefnum að, þrátt fyrir mikla varnarbaráttu.
- að leita samstarfs við aðrar konur.

Hvað er hægt að gera? Hvernig eiga konur að bregðast við?

- Við eignum að standa fyrir markvissri umræðu um allt land og kynna konum hvað er að gerast og hvaða afleiðingar stefna ríkisstjórnarinnar mun hafa fyrir konur.
- Ná samstöðu með þeim sem eru andvígir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum.
- Skipuleggja mótmæli.
- Síðast en ekki síst að benda á leiðir.

Hvaða leiðir?

1. Það er óhjákvæmilegt að efna til opinberra framkvæmda til að sporna við vaxandi atvinnuleysi. Lántökur munu verða mun minni en áætlað hafði verið vegna þess að hætt hefur verið við byggingu álvers. Því er réttlætanlegt við núverandi aðstæður (þrátt fyrir miklar lántökur og skuldir ríkisins) að nýta það fé sem þar með losnar til arðbærra framkvæmda.

2. Gera á viðtæka áætlun um fjölbreytta atvinnusköpun sem tekur ekki síst mið af stöðu kvenna á landsbyggðinni. Það má byrja á auðlindakönnun, efla rannsóknir, leita eftir frumkvæði íbúanna á hverjum stað o.s.fry.

3. Stokka upp ríkiskerfið og koma á valddreifingu, auknu sjálfstæði og ábyrgð ríkisstofnana til að draga úr bruðli og flottræfilshætti. Þá þarf að færa vald á ný yfir til sveitarfélaganna.

4. Endurskoða þarf skattakerfið með það að markmiði að auka skattþyrði þeirra sem mest hafa, en léttu af hinum lægst launuðu. Koma þarf á hærri skattprósentu á há laun, fjármagnsskatti, taka á skattsvíkum og ganga á hólm við svarta markaðinn sem hér blómstrar.

5. Endurskoða þarf fiskveiðistefnuna þannig að fiskveiðiheimildir tengist byggðum, en þó með þeim sveigjanleika að rekstur fiskvinnslunnar verði sem hagkvæmastur.

6. Bylta þarf launakerfinu með sérstöku tilliti til kvenna m.a. með nýju starfsmati sem miðar að því að bæta kjör kvenna.

Að lokum þetta:

Framundan eru tímar mikilla breytinga og hugsanlega átaka milli úmissa hagsmunahópa í þjóðfélaginu. Þær breytingar sem boaðar hafa verið skipta konur afar miklu máli. Takist að koma þeim á veður stigið skref aftur á bak, Takist að koma í veg fyrir þærverður engu að síður að hefjast endurreisn sem stefnir í átt til aukins jöfnuðar, valddreifingar og nýsköpunar.

Út við sjóndeildarhring bíður svo bandalagið stóra Evrópubandalagið (EB). Í þeirri umræðu virðist staðan vera sú að menn segja ef ekki verður af EES þá verður óhjákvæmilegt að ganga í EB. Aðrir segja að ef af EES verður leiði það okkur óhjákvæmilega inn í EB. Við erum sannfærðar um að EB-EES framtíð er ekki það besta sem fyrir konur getur komið. Eru til aðrir möguleikar í stöðunni? Jú að standa utan við allt, en hvað þýðir það? Það þarfum við að ræða rækilega.

Konur það er greinilega mikið verk að vinna.

Reykjavík 25.2. 1992

Pess skal getið að þessi útdráttur er skrifaður upp eftir punktum, en höfundur (K. Ást) gat ekki stillt sig um að bæta inni í hér og hvar í ljósi þess sem gerst hefur frá því að ræðan var flutt. Inntakið er þó það sama.

Með ástarkveðjum

Kristín Ástgeirs dóttir